

SÍRKUS

A close-up portrait of a woman with long, wavy, reddish-brown hair. She is smiling slightly and looking towards the camera. She is wearing a black top with a silver, textured detail on the shoulder. A black hair accessory is visible in her hair.

Þórunn Högnadóttir sjónvarpskona opnar heimili sitt

STÍLHREINT OG SMART

21. DESEMBER 2007 ■ Solla keypti Grænan kost ■ Sæunn Stefánsdóttir á von á barni ■ Ástarsorgir og marineringar ...

fréttir

■ Heyrst hefur



Elly Ármanns er byrjuð að blogga aftur

Aðdáendur ljósblárra skrifa Ellyjar Ármanns á bloggsíðu hennar geta tekið gleði sína á ný því Elly er byrjuð að blogga aftur. Elly lokaði bloggsíðu sinni á haustdögum enda þótti síðan afar umtöluð. Elly slær ekki slöku við í nýjstu færslunum og fer hamförum í lýsingum sínum á samskiptum íturvöxnu vinkonunnar og kakóbrúna útvarpsmannsins. Þeim sem vilja léttu af sér í jólastressinu er bent á að kíkja á síðuna hennar, <http://ellyarmanns.blog.is>.

SIRKUS

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
Ritstjóri Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is
Bergþóra Magnúsdóttir
bergthora@frettabladid.is
Forsíðumynd Völundur Jónsson
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
Auglýsingastjóri
Guðný Guðlaugsdóttir Sími 512 5462
Sirkusblaðið Skafthlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR ER KOMIN AFTUR HEIM

Keypti Grænanan kost

Heilsugúrúíð og matgæðingurinn Sólveig Eiríksdóttir seldi sinn hlut í veitingastaðnum Grænum kosti fyrir þremur og hálfu ári. Nú er fyrirtæki hennar, Himnesk hollusta, hins vegar búið að kaupa staðinn aftur af fyrri meðeiganda hennar, Hjördísi Gísladóttur. „Þetta er mjög góð tilfinning, mér finnst eiginlega eins og ég hafi bara „skroppið aðeins frá“ og sé að koma aftur. Ég er hvort sem er alltaf kennd við Grænanan kost. Síðast um daginn var ég í einhverju viðtali um Himneska hollustu og spyrillinn segir: „Ég er hérna með hana Söllu á Grænum kosti sem ætlar að segja okkur frá fyrirtækinu sínu HH ...“ segir hún og hlær og segir að henni hafi bara fundist það krúttlegt. „Ég fékk ljótt brjóskslos fyrir um fjórum árum, sem reyndist ótrúlega erfitt að sigrast á. Ég hreinlega sá ekki að ég myndi nokkurn tímann aftur geta farið að vinna í eldhúsi og fannst bara best og skynsamlegast að selja“, segir Sólveig spurð um af hverju hún hafi selt á sínum tíma. Nú er hún hins vegar búin að ná sér að fullu og til í tusk. Hún segist ekki hafa getað staðist freistinguna þegar hún komst að því að Hjördís væri í söluhugleiðingum og hún segir röð mikilla tilviljana hafa leitt það af sér að Grænn kostur hafi endað í hennar höndum. Þegar hún er spurð að því hvort hún hafi saknað veitingastaðarins segir hún svo vera. „Vissulega hef ég saknað Kotsins, en ég kom mjög reglulega í heimsókn til Hjördísar og fékk mér að borða og hélt finu sambandi bæði við hana og staðinn. Þannig að mér finnst ég eiginlega bara hafa hálf selt“, segir hún og glottir.

Ætlar þú að gera einhverjar breytingar?
„Hjördís var sjálf byrjuð að gera breytingar og ég mun halda áfram með þær. Ég hef sjálf breyst á þessum árum síðan við opnuðum Grænanan kost, verið dugleg að sækja mér nýjungar og fróðleik úti um allan heim. Allt hráefnið hefur breyst og úrvalið aukist ótrúlega mikið. Kúnnarnir hafa breyst og bara meðvitundin almennt hjá fólki. Grænn kostur hefur verið í fararbroddi og mun ég sjá til þess að svo verði áfram.“ Sólveig tekur við Grænum kosti um áramótin. Hún mun hafa yfirumsjón með eldamennskunni en vegna brjóskslossins getur hún ekki staðið miklar vaktir í eldhúsinu. „Ég mun hafa puttana í matargerðinni og skipta mér mikið af, gera það sem mér finnst skemmtilegast sem er að búa til nýjar uppskriftir og leyfa kúnnanum að njóta.“ Grænn kostur var stofnaður 1994 og segir Sólveig að á þeim tíma hafi orðið miklar breytingar á matarvenjum þjóðarinnar. „Í byrjun fengum við fullt af fólki sem kom eingöngu hreinlega til að skoða matinn, það var ekki alveg að trúa því að hægt væri að búa til mannamat úr þessu, hvað þá að maður yrði saddur. Við þóttum „svolítið“ skrítnar og djarfar en í dag liggur við að krakkar læri að segja „spínat“ á eftir pabbi, mamma og datt“, segir hún og hlær.



SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR Er alsæl að vera komin aftur „heim“. Hún segist ekki ætla að gera neinar stökkbreytingar.

MYND / VÖLUNDUR

borgin mín

Róbert Douglas,
leikstjóri
PEKING

MORGUNMATURINN:

Morgunmat er ekki mikill hér í Kína, flestir láta sér nægja að fá sér heita sojamjólk og leifarnar frá því kvöldinu áður, það er alla vega hefðin. Með þessari hefð hafa sprottið upp hinir og þessir morgunverðarréttir sem eru byggðir á því að blanda saman öðrum réttum, þú ert samt ekki að kaupa alvöru leifar af kvöldmat annarra. Minn morgunmatur er bara það sem er í boði hverju sinni fyrir framan íbúðina mína, það sem götusölumaðurinn er að elda hverju sinni. Þetta geta verið súpur, pönnukökur eða „dumplings“ og auðvitað heit sojamjólk með.

SKYNDIBITINN: Ef ég er ekki í skapi til þess að tala kínversku og reyna að koma mér í gegnum kínverskan matseðil er alltaf hægt að benda á myndirnar í McDonalds eða KFC sem spretta upp á hverju götuhorni hér í Peking. En besti skyndibitinn er samt sem áður hefðbundinn kínversk pönnukaka sem heitir Jian Bing, virkar vel við öll tækifæri ... morgunmat, hádegismat, þynnkumat, hin fullkomni skyndibiti. Þetta er þunn pönnukaka sem er steikt fyrir framan mann, oftast með þunnu lagi af eggi ofan á deiginu, lauk og smá sterkri sósu. Staðirnir sem selja þennan mat eru oftast bara



einn maður með hellu á hjólum og hálf t hverfið í biðröð, þannig að billjón manns geta varla haft rangt fyrir sér, þetta er besti skyndibiti í heiminum.



UPPÁHALDSVERSLUN: Allar verslanir í Peking eru auðveldlega uppáhaldsverslunin, því að allt er um 80% ódýrara en heima á Íslandi... frá mat, fötum og upp í lúxusvörur og bíla. En þar sem ég er mikill bíómaður verð ég að nefna DVD-búðirnar. Löglegar búðir selja DVD-diska á 300 kr. stykkið og úrvalið er eins og það besta úr HMV eða Virgin, ólöglegir sölmenn selja diskinn á 30 kr. stykkið en úrvalið er aðeins stærstu Hollywood-myndirnar og oft eru gæðin léleg. Síðan eru það skemmtilegustu búðirnar, „semi-legal“ DVD-verslanir eins og þær eru kallaðar hér, en þær selja diskana á 60 kr., gott úrval og góð gæði. Allir diskarnir eru ólöglegir en þetta er samt búð í húsnæði, ekki maður að selja úr ferðatösku á götunni. Þar sem þessar búðir borga skatt af húsnæðinu eru þær orðnar svona ... „semi-legal“.

LÍKAMSRAKTIN: Hjóla um alla borgina, tennis í almenningsgarði, borðtennis í almenningsgarði eða Tai Chi með gamla fólkinu á morgnana. Fótbolti í einum af amatör-deildum útlenskra stórfyrirtækja. Eða bara fara í líkamsræktarstöð sem eru mjög vinsælar í borginni og nóg af þeim í öllum gæðaflokkum og verðflokkum.

RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA: Franskir veitingastaðir ættu að virka best upp á þetta að gera og hér er nokkuð gott úrval af þeim, flestir eru reknir af Frökkum og með kokka beint frá Frakklandi. En verðið er kínverskt, ekki franskt, þannig að hér er hægt að fá alvöru franska þriggja rétta máltíð með vini fyrir um 1000 kr. á mann, og gæðin eru alls ekki minni en í Evrópu.

BEST VIÐ BORGINA: Andrúmsloftið er rólegt, hér skiptir mestu máli að fólk sé að lifa lífinu, þannig að fólk vill frekar geta eytt tíma með börnunum eða vinum og fjölskyldu heldur en að vera í lífsgæðakapphlaupinu. Þannig að hér er fólk mikið á veitingahúsum, í gördum að leika sér og almennt að taka því rólega frekar en að hlaupa í þrjár til fjórar vinnur.



VEL KLÆDDIR Kormákur og Skjöldur svikja ekki kúnnana sína og breyta ekki mikið út af vananum. Þeim finnst sixpensari og vesti vera alger skyldueign.

MYND/VÖLUNDUR


HERRAFATAVERSLUN KORMÁKS OG SKJALDAR

GRAFIN OG GLEYMD

„Við fluttum herrafataverslun okkar í alfaraleið í verslunarhúsnæði Kjörgarðs við Laugaveg og erum þar í kjallaranum“, segir Kormákur Geirharðsson, verslunareigandi og framkvæmdamaður. En Kormákur rekur Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar ásamt félaga sínum Skildi. Tvíeykið hefur rekið herrafataverslunina um áraraðir og lengi vel var verslunin á Skólavörðustígnum. „Verslun okkar virðist hafa gleymst þar sem hún er í kjallara ofarlega á Laugaveginum“, segir Kormákur. „Það er mikil synd þar sem vöruvalið hefur aldrei verið betra. Við bjóðum nú upp á

þýska gæðamerkið Herr Von Eden sem hingað til hefur einungis verið selt í Þýskalandi en þeir sérhæfa sig í jakkafötum, bindum og skyrtum. Einnig seljum við fatnað frá ítalska merkinu DNA sem framleiðir fót í sixtis anda og hafa verið gífurlega vinsæl“, bætir Kormákur við og vonast til að fólk muni eftir þeim félögunum þegar kemur að jólainnkaupunum. En hvað ætti hver karlmaður að eiga fyrir jólin? „Vesti er algjör skyldueign og góður sixpensari er nauðsynlegur til að komast út í slabbíð“, segir Kormákur að lokum.

Bergthora@frettabladid.is



NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

www.nova.is

Hjá Nova færðu aðgang að stærsta skemmtistað í heimi,
Internetinu, beint í símann þinn!



NOKIA
6120
Internetsíminn!

890 kr.
á mánuði í 12 mán.

Tilboðsverð staðgreitt:

9.900 kr.

Fullt verð: ~~24.900 kr.~~

Það eina sem þú þarft að gera til að eignast þennan nýja farsíma á þessu frábæra tilboðsverði er að nota hann fyrir 3.000 kr. eða meira á mánuði.*

Nova býður þennan farsíma og fjölda annarra á frábæru tilboðsverði!

*Tilboðið felur í sér 6 mánaða þjónustusamning við Nova.
Tilboðsverð greiðsludreift: 890 kr./mán. í 12 mánuði og mánaðarleg notkun greidd með kreditkorti út samningstímann.
Tilboðsverð staðgreitt: 9.900 kr. Mánaðarleg notkun greidd í heimabanka eða með kreditkorti.

Nova | Verslanir Lág múla og Smáralind | Þjónustuver 5191919 | www.nova.is

Loksins á Íslandi

HIÐ HEIMSPEKKTA VÖRUMERKI

Flamant
HOME INTERIORS

EINSTÖK GJAFAVARA

GLERVARA Í SÉRFLOKKI

s. 578 4400 • IBK Í FÁLKAHÚSINU • SUÐURLANDSBRAUT 8

Skífulistinn topp 20

Vinsælustu titlarnir



VINSÆLASTA TÓNLISTIN




1	Ýmsir	—	Pottpétt 45
2	Mugison	↑	Mugiboogie
3	Villi Vill	↑	Myndin af þér
4	Sprengjuhöllin	↑	Tímarnir okkar
5	Hjálmar	↓	Ferðasót
6	Páll Óskar	↑	Allt fyrir ástina
7	Ellen	—	Einhversstaðar einhvern
8	Ýmsir	↓	100 Íslensk jólalög
9	Laddi	↑	Jóla hvað?
10	Björgvin Halldórsson	↑	Jólagestir 4
11	Álftagerðisbræður	↑	Álftagerðisbræður
12	Hjaltalín	↑	Hjaltalín
13	F.Ómars & G.Gunnars	↓	Ég skemmti mér um jólin
14	Björgvin Halldórsson	↓	Jólagestir 1-3
15	Eagles	↓	Long Road Out Of Eden
16	Garðar Thor Cortes	↑	Cortes 2007
17	Led Zeppelin	—	Mothership
18	Josh Groban	↓	Noel
19	Baggalútur	N	Jól og Blíða
20	Dísella	↓	Solo Noi

▲ Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað



VINSÆLUSTU DVD

1	Næturvaktin
2	Astropía
3	Simpsons The Movie
4	Hairspray
5	Mýrin
6	Shrek The Third
7	Bourne Ultimatum
8	High School Musical 2
9	Transformers
10	Rush Hour 3
11	Pirates of the Caribbean 3
12	High School Musical 1
13	Knocked up
14	Latibær Jólasveinninn
15	Harry Potter the order of Pho.
16	Top Gear
17	Fóstbræður sería 1
18	Fóstbræður sería 3
19	Fóstbræður sería 2
20	The Secret, íslenskt



Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.



DELL MÆLIR MEÐ WINDOWS VISTA™ HOME PREMIUM



DELL XPS M1330™

GOTT FÖLK

XPS


LANGAR ÞIG Í EINA?

- Intel® Core™2 Duo T7250 Santa Rosa örgjörvi
- 2,00GHz, 800MHz FSB, 2MB L2 Cache
- 2GB 667MHz Dual Channel DDR2 vinnsluminni (2x1024)
- 13,3" UltraSharp WXGA (1280x800) TrueLife skjár
- Innbyggð 2,0 mega pixel myndavél
- 128MB nVidia GeForce Go 8400M GS skjákort
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- 8X DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
- Innbyggt 10/100 netkort
- Dell 1505 þráðlaust netkort a/g/n
- Innbyggt TrueMobile 355 Bluetooth
- HD hljóðkort með hátölurum & hljóðnema
- 2x USB 2,0, IEEE 1394a FireWire, Infrared
- VGA, HDMI, ExpressCard tengirauf
- 8-1 minniskortalesari
- Windows Vista Home Premium
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Ein léttasta og þynnsta fartölva sem þú getur fengið. XPS M1330 er sérstaklega þægileg í meðförum og hentar því fullkomlega í skólann. Hún fæst í 2 frábærum litum; rauð og svört.



XPS M1330 KOSTAR 189.900,-*



* FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Dell, vörumerkið Dell, Inspiron, UltraSharp, TrueLife og TrueMobile eru vörumerki í eigu Dell Inc. Intel, Pentium og Core eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

EJS 
www.ejs.is



HUGRÚN DÖGG ÁRNADÓTTIR OG MAGNI ÞORSTEINSSON HÁRGREIÐSLUMAÐUR, EIGENDUR VERSLUNARINNAR KRONKRON

„Jólafötin okkar eru úr versluninni okkar, KronKron,“ segir Hugrún Dögg Árnadóttir fatahönnuður en hún og kærasti hennar, Magni Þorsteinsson hárgreiðslumaður, reka saman verslunina. „Ég ætla að vera í kjól frá Eley Kishimoto, sem er í miklu uppáhaldi hjá mér, en munstrið í kjólnum er innblásið frá himingeiminum,“ segir Hugrún en kjólinn hefur hún notað áður við hátíðleg tilefni. „Við kjólinn ætla ég að nota brúnleita sokka og sokkabuxur frá Gaspard Yurkevich og bronslitaða Soniu Ryckel skó.“ En sokkana notar Hugrún yfir sokkabuxurnar og gefa þeir alklæðnaðinum skemmtilegt yfirbragð. Magni verður í skyrtu eftir franska hönnuðinn Eric Lebon sem er einn af hans uppáhaldshönnuðum, Kott Poulsen svörtum einföldum buxum og skóm frá Narrative,“ upplýsir Hugrún um jólaföt Magna að lokum.



EGGERT
-feldskeri-

Efst á Skólavörðustígnum, sími 551 1121

Jólaföt stjarnanna



ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR, LJÓSMYNDARI OG FRAMKVÆMDASTJÓRI ESKIMO MODELS

„Jóla kjólinn er svartur kjóll frá E-label,“ segir Ásta Kristjánsdóttir en E-label er samstarfsverkefni fatahönnuðarins Ása, Ástu og Andreu Brabin og eru fötin eingöngu seld á netinu. „Hönnun Ása er í miklu uppáhaldi hjá mér og ég var fljót að festa kaup á þessum kjól þegar ég sá hann, en þessir kjólar seldust upp á fjórum dögum,“ segir Ásta ánægð með kaupin en hún mun klæðast kjólnum í fyrsta skipti á jölunum. „Kjólinn er hægt að nota á marga vegu og við ólík tækifæri, allt eftir því hvað hentar hverju sinni. Hægt er að taka slaufuna af kjólnum og við það verður hann hversdagslegri,“ segir Ásta sem gæti vel hugsað sér að nota kjólinn jafnframt í vinnunni án slaufunnar og vera þá í grófari stígvélum við.

PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON, TÓNLISTARMAÐUR

„Ég verð í geðveikum túrkisbláum jakka fötum sem Coco vinur minn gaf mér fyrirfram í jólagjöf,“ upplýsir Páll Óskar Hjálmtýsson um jóla fötin í ár, en Coco sérhannaði jakka fötin fyrir Palla. „Coco á heiðurinn af öllum skrautlegu fötunum mínum,“ segir Páll en eins og alþjóð veit hefur Páll Óskar unun af öllu því sem glitrar og glóir. „Jakka fötin eru útsaumuð með gylltum þræði og skreytt palliettum og steinum. Fötin voru saumuð í Bangladesh og ég get ekki ímyndað mér annað en að vinnan við að gera bara efnið í fötin hafi tekið heilan mánuð,“ segir Páll Óskar en hver og ein pallietta er handsaumuð í jakka fötin. „Við fötin ætla ég að nota einfalda hvíta skyrtu og hvíta skó og þá er jóla-lookið fullkomnað,“ segir Páll Óskar að lokum alsæll með jóla fötin sem eru listaverk út af fyrir sig.



HARPA EINARSDÓTTIR, FATAHÖNNUÐUR OG TEIKNARI

„Ég verð í silfurgráum kjól frá Starkiller,“ segir Harpa Einarsdóttir fatahönnuður. Starkiller er merki þeirra Hörpu og Selmu Ragnarsdóttur klæðskera en þær reka hönnunarstúdíó og verslun í verslunarhúsnæði Kjörgarðs á Laugaveginum á þriðju hæð og sérhæfa sig í að hanna og sauma fyrir einstaklinga. „Toppstykkið á kjólnum er alskreytt palliettum og pilsíð er úr shiffon-silki og organsa-efni,“ segir Harpa um jóla kjólinn sem hún notar í fyrsta skipti á jölunum, en við kjólinn ætlar Harpa að klæðast svörtum gúmmi-gammósíum frá American Apparel. „Ég hvet alla þá sem vilja öðruvísi jóla- og áramótadress að kíkja til okkar á hönnunarverkstæðið í Kjörgarði,“ bætir Harpa við að lokum.

HALLGERÐUR HALLGRÍMSDÓTTIR, STÍLISTI OG BLAÐAMAÐUR Á NÝJU LÍFI

„Jóla kjólinn er silfurlitaður vintage Therry Mugler-kjóll,“ segir Hallgerður Hallgrímsdóttir, stílisti og blaðamaður á Nýju lífi, en kjólinn fann hún í búð finnska hjálpræðishersins í borginni Turku í Finnlandi. „Mig minnir að ég hafi borgað eitthvað í kringum 1.000 kr. fyrir kjólinn sem hefði örugglega verið talsvert dýrari hefði ég fundið hann í París,“ bætir Hallgerður við, en kjólinn hefur hún notað nokkrum sinnum áður. „Við kjólinn ætla ég að vera í bleikum sokkum frá Agent Provocateur og dökkrauðu lakkskónum mínum,“ segir Hallgerður en skórnir eru í miklu uppáhaldi hjá Hallgerði. „Ég var stödd í Amsterdam og var að leita mér að tjaldi þegar ég sá skóna og hef ekki séð eftir þeim kaupunum enda hef ég notað skóna mikið. Mér finnst að allar konur ættu að eiga lakkskó með bandi yfir ristina,“ segir Hallgerður að lokum sem eflaust mun lýsa upp íslenska skammdegið í silfurlitaða jóla kjólnum.





Framúrskarandi hönnun og fjölbreytt úrval hjá okkur í Skeifunni og í Leifsstöð

ÞÓRUNN HÖGNADÓTTIR Í INNLITI/ÚTLITI OPNAR HEIMILI SITT

SVART/HVÍT SMARTHEITAPAN

Ég hef alltaf haft gaman af öllu því sem tengist heimili og hönnun frá því að ég man eftir mér. Þegar ég var lítil var ég alltaf að taka til og breyta herberginu mínu og fannst fátt skemmtilegra en að fara í heimsóknir með mömmu til vinkvenna hennar og fá að taka til," segir Þórunn Högnadóttir þáttastjórnandi, en hún hefur eflaust verið eftirsóttur heimilisgestur á sínum yngri árum, ólíkt öðrum börnum sem skilja yfirleitt allt eftir í drasli. Síðastliðin fjögur ár hefur Þórunn unnið við sjónvarpsþáttinn vinsæla Innlit/útlit sem sýndur er á Skjá einum og því má segja að snemma hafi krókurinn beygst hjá henni. „Það er búið að vera brjálað hjá mér að gera en jólaþátturinn okkar fór einmitt í loftið nú í vikunni," segir Þórunn sem hefur skreytt heimilið fagurlega þrátt fyrir mikið annríki. „Við vorum síðustu jól á Flórída og misstum því af hinum íslensku jólum og öllum jólaundirbúningnum sem fylgir," segir Þórunn sem ákvað að bæta upp jólatréleysi síðasta árs með tæplega tveggja metra háu jólatré sem mikil lofthæð íbúðarinnar ber vel.

Miklar framkvæmdir eiga sér stað í íbúð Þórunnar og eiginmanns hennar, Brands Gunnarssonar fasteignasala, en þau búa í fállegri íbúð í Grafarvoginum ásamt tveimur börnum en elsti sonur Þórunnar, sem er 19 ára, býr hjá ömmu sinni. „Okkur hafði lengi dreymt um að færa eldhúsið inn í stofuna og fá auka herbergi út úr eldhúsinu. Við létum verða af þessum framkvæmdum nú í haust en þær hafa dregist á langinn eins og oft vill verða," segir hún sem er orðin frekar þreytt á óreiðunni og rykinu sem fylgir breytingunum, en framkvæmdirnar eiga enn þá langt í land. „Við erum rosalega ánægð með nýja skipulagið á íbúðinni. Alrýmið þar sem eldhúsið, borðstofan og stofan eru, er í miklu uppáhaldi hjá fjölskyldunni. Ég get samt ekki beðið eftir því að framkvæmdirnar verði að baki því mér líður best þegar allt er hreint og fínt í kringum mig," bætir Þórunn við. Erfitt er þó að sjá á íbúðinni alla óreiðuna sem Þórunn minnst á og afsakar í bak og fyrir.

„Ég hef rosalega gaman af því að versla fyrir heimilið og er mjög nýjungagjörn. Oft geng ég í gegnum tímabil þar sem ég hef æði fyrir einhverju ákveðnu og safna að mér öllu í þeim stíl," viðurkennir Þórunn. „Það má eiginlega segja að ég sé



Þórunn fyrir framan uppáhaldsmyndina sína, mynd af New York.



Klakkalengjurnar á jólatrénu fékk Þórunn í versluninni Egg.

veikust fyrir öllu því sem mér finnst vera fállegt," segir Þórunn en heimilið er afar stílhreint og hver hlutur fær að njóta sín. Í ganginum á milli forstofunnar og alrýmisins er forláta skenkur sem tengir saman rýmið á skemmtilegan hátt. „Skenkurinn er í miklu uppáhaldi hjá mér en frænka mín gaf mér hann að gjöf. Skenkurinn er frá sjötta áratugnum og er úr tekki en ég þússaði hann upp og lakkaði hann í svörtu," segir Þórunn sem er margt til lista lagt.

Svefnherbergi Þórunnar er mikið notað þessa dagana en Þórunn og Brandur festu nýlega kaup á rúmi sem þau eru alsæl með. Hvíta blómaljósíð „Midsummer light“ og blóma-hengið „Evy“, sem er við rúmgaflinn, eru eftir hollenska hönnuðinn Tord Boonte og gefa herberginu draumkenndan blæ sem á vel heima í svefnherberginu. „Mig langar rosalega mikið til að setja blómin við rúmgaflinn í plexigler en hef bara ekki haft tíma til þess," segir Þórunn sem er mjög hrifin af plexigleri. Við náttborðið hangir rómantísk ljósakróna og frá henni stafar undurfögur birta. „Ég keypti ljósakrónuna hjá Friðu frænku og lét síðan smíða plexigler yfir hana," segir Þórunn en plexiglerið gerir ljósakrónuna nútímalegri og passar vel við einfaldan stíl Þórunnar. Í svefnherberginu er skemill með kálfskinni, en skemillinn hefur mikið tilfinningalegt gildi fyrir Þórunni. „Skemillinn er frá móður minni og var notaður við snyrtiborð sem hún átti. Tæknilega séð á hún hann enn því ég fékk hann að láni frá henni. Kálfskinnið ofan á skemlinum er frá pabba mínum en hann fékk það frá ömmu minni," segir Þórunn um fagra „ættargripinn“.

Yfir heimili Þórunnar svífur yfir andi jólanna, á eldhúsbörðinu eru fagurskreyttir piparkökukarlar í öllum regnbogans litum og veglegur aðventukrans sem Þórunn útbjó er upptendraður á stofubörðinu. „Ég er mikið jólabarn og hef gaman af að skreyta heimilið. Fyrir þessi jólnir hef ég keypt mikið af jólaskrauti í versluninni Egg við Smáratorg og þaðan eru „klakkalengjurnar“ sem ég notaði í aðventukransinn og á jólatréð." En skrautið nýtur sín vel á heimilinu þar sem svart, hvítt og silfurlitaðir tónar eru ríkjandi. „Svarti liturinn er í miklu uppáhaldi hjá mér en stundum finnst mér vanta hlýju í íbúðina, sérstaklega þegar ég er ekki með kveikt á öllum kertunum og því langar mig að bæta hlýjum tónum við litaskalann á



Það er ekki amalegt að hafa New York yfir borðstofubörðinu. Svarta ljósakrónan frá versluninni



ÆTTARGRIPURINN Skemillinn er ættaður frá mömmu Þórunnar og bólstraður með kálfskinni föðurins.



SVARTUR SKENKURINN tengir saman ganginn og alrýmið á skemmtilegan hátt, en svarti liturinn er ríkjandi í íbúðinni.



Ljósakrónan frá Friðu frænku með plexigleri setur svip sinn á svefnherbergið.



Rómantískt svefnherbergi Þórunnar og Brands er mikið notað eftir að þau fjárfestu nýlega í hjónarúmi. Blómablúndan er fálæg við rúmgaflinn og fylgir manni eflaust inn í draumalandið.

RADÍS



i Egg fer vel við borðstofuhúsgögnin.




SJÓNVARPSHORNID Yfir sjónvarpinu er efni sem Þórunn strekkti á blindramma og passar það vel við litaspjald heimilisins.



SKENKURINN FRÁ FRÆNKU ÞÓRUNNAR, SEM ÞÓRUNN GERÐI UPP ER Í MIKLU UPPÁHALDI Á HEIMILINU. MYNDIR/VÖLUNDUR



Á HEIMILINU RÍKJA ANDSTÆÐU LITIRNIR SVART OG HVÍTT.



ný vara

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

Ég kemst í hátíðarskap: Við kertaljós og jólalög og stemninguna sem liggur í loftinu fyrir jól. Piparkökulykt og hangikjötslyktin eru sömuleiðis ómissandi á jölunum og kemur mér í hátíðarskap.

Áramótaheit: Stefna á að hafa næsta ár enn betra en það síðasta.

Mesta þarfapingið á heimilinu: Ísskápurinn okkur.

Eftirlætishúsgagnið: Nýja hjónarúmið okkar.

Uppáhaldsmyndin á heimilinu: New York myndin og ljósmyndin af mér og Simon Lebon.

Best við staðsetninguna: Hér er stutt í alla þjónustu, verslanir og skóla barnanna. Ég heyri meira að segja í skólabjöllunni þegar hún hringir út og inn.

Verst við staðsetninguna: Umferðin í hverfinu.

NÚ ERU SÍÐUSTU FORVÖÐ AÐ KOMAST Í KJÓLINN FYRIR JÓLIN

ÞRIGGJA DAGA MEGRUN

RÓFUR OG SELLERÍ Í ÖLL MÁL Rófur og sellerí innhalda fáar kalóriur en það er ekki það eina, líkaminn brennir fleiri kalorium við það að melta græmetið. Færri kalóriur = færri kíló. Fáðu þér gott ílát sem þú kemur í handtöskuna og jólnum er borgið. Helstu aukakvillar eru áunnið óþol fyrir rófum og sellerí fyrir lífstíð og óþægindi í meltingarfærum.



GERÐU LAUFABRAUÐ Það eitt að fletja út deigið tekur sinn toll af bingófitunni og gufan sem myndast við steikinguna hleypir út uppsöfnuðum svita. Góð leið fyrir þá sem vilja gera eitthvað fyrir jólin og líkamann. Fylgikvillar: Harðsperrur og preyta.



JÓLAÞRIFIN Þrif geta verið mjókkandi. Misstu þig í jólaþrifunum og hver veit nema jólabónusinn í ár verði mjórri mitti og stinnari rass. Aukaverkanir: Preyta og ofnæmi fyrir þrifum.



SVELT Vatnsdrykkja og gamla góða sveltið svikur engan. Ef vel tekst til færðu nokkur skammunninn minus-kíló í jólagjöf. Yfirlíð, ógleði, máttleysi og laslegt yfirbragð eru nokkrar af fáum aukaverkunum sem geta skotið upp kolli sínum í kjölfar sveltisins. Því er sveltið dýrkeypt lausn fyrir þá sem vilja verða háir og grannir fyrir jólin.



Þrír dagar í jól og eftir nokkur jólahlaðborð í desember, smákökuát og malt- og appelsínsötur litur út fyrir að jóladressið springi utan af þér áður en fyrsta rjúpubitanum verður kyngt. Sirkus tók saman helstu „hrað-megrunarráðin“.

GRÆNT TE Ef bólgirnir puttar, þrútnir leggir og útbeldgur magi eru að hrjá þig þá geta 20 bollar af grænu tei á dag gert kraftaverk. Forðastu þó að innbyrða slíka skammta áður en þú ferð í verslunarleiðangur því öruggast er að vera nálægt klósettinu þegar teið byrjar að virka. Ráðlagð er að drekka teið ekki á fastandi maga þar sem slík inntaka getur valdið svima, skjálfta og ógleði. Ekki má heldur drekka teið rétt fyrir svefn, því græna teið er afar örvandi en gæti þó reynst vel þeim sem eiga eftir að gera allt fyrir jólin og þarfnast aukaorku. Algengustu aukaverkanir: Tið þvaglát og örari melting.



MATAREITRUN Sláðu tvær flugur í einu höggi, taktu til í isskápnum og útbúðu rétt úr matvörum sem eru komnar langt fram yfir síðasta sölundag og hver veit nema heppnin verði með þér og þú fáið matareitrun í skóinn. Matvörur sem koma sterkar inn: Kjúklingur og majónes. Helstu fylgikvillar: Meltingarþægindi, ógleði, lystarleysi og máttleysi. Ef skemmdar matvörur eru ekki til í isskápnum þá er alltaf hægt að hringja í ættingja og vini og athuga hvort einhver lumi ekki á magapest, jólagjöfinni í ár.



HVÍTVÍNSKÚRINN Frægur kúr í Bandaríkjunum, hvítvin í öll mál. Upplagð fyrir 101 borgara sem eru í grennd við bari og kaffihús allan sólarhringinn. Algengar aukaverkanir: Minnisleysi, áfengislykt af andardrætti, ótæpileg málgleði og hreinskilni sem getur oft á tíðum ekki komið sér vel. Akstur vélknúinna ökutækja stranglega bannaður.



FÓTGANGANDI Í INNKAUPIN Skildu bílinn eftir heima, arkaðu í búðirnar í jólagjafaleit, sparaðu bensín og eyddu kílónum. Stórkostleg brennsla. Hafa ber í huga að hælaskórnir er best geymdir heima og það er lykilatriði að búa sig vel. Sjálgæfar aukaverkanir: Líkur á beinbrotum í hálkunni aukast. Kuldaexem í andlíti og harðsperrur geta sömuleiðis gert vart við sig.

G-STAR RAW

REYKJAVÍK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Flottust

opið 10-22
alla daga til jóla.



RAW DEFENDER

RAW DENIM 3301



marc newson

g-star.com



OPIÐ

TIL KL. 21

öllum kvöld til jóla
og á aðfangadag

FRÁ KL. 10-12

DÆMI UM VERÐ

Pablo fjölstillanlegt heilsurúm
með heilsudýnu (90x200)

kr. 10.740 í 12 mánuði eða

kr. 128.900 staðgreitt

VAXTALAUS JOLATILBOÐ

OG FYRSTA GREIÐSLA Í APRÍL 2008

TILVALDAR JÓLAGJAFIR

Sængur, heilsukoddar og
rúmteppi í miklu úrvali

ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM

Nú getur þú keypt þér alvöru amerískt heilsurúm frá King Koil og
fengið að skipta því niður á allt að **12 mánuði VAXTALAUST** (Visa/Euro)
ásamt fjölda annara hluta fyrir svefnherbergið.



COMFORT
solutions®

By King Koil®

AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag
eina dýnnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknasamtök kíropraktora)
og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



DÆMI UM VERÐ

Spine Support Avery
(Queen size 153x203)

kr. 8.400 í 12 mánuði eða


kr. 98.700 staðgreitt

**Mikið úrval fjölstillanlegra
rafstýrðra heilsurúma
frá Þýskalandi og USA**



S Cape Wallhugger mest seldi
ameríski stillibotn í heimi með
heilsudýnum frá King Koil

rekkjan



18 HLUTIR SEM SPILLA GLEÐI JÓLANNA

Ástarsorgir og marineringar



JÓLASTRESSIÐ Af hverju verða margir stressaðir fyrir jólin? Hver sagði að það þyrfti að senda 112 jólakort, baka átta smákökutegundir og fægja silfrið? Einfaldaðu líf þitt því það eru ekki allir sem geta leyft sér hvíldarinnlögn á heilsuhælinu í Hveragerði eftir jól.

JÓLAGJAFIR Í ALLTOF STÓRRI STÆRÐ

Það er óskemmtilegt að fá allt of stóra gjöf frá þeim sem þekkir líkama þinn hvað best. Leðurhanskar sem gætu passað á vörubilstjóra eða nærbuxur sem gætu náð utan um heilt sirkustjald er eitthvað sem ekki gleður.



VANDRÆÐALEGAR GJAFIR Hvað er hægt að segja þegar nákominn vinur tekur upp á því að færa þeir matarkörfu fulla af kjötvörum þegar þú hefur verið grænmetisæta í meira en tíu ár?



HIMINHÁIR VISAREIKNINGAR Á NÝJU ÁRI Það er ekki gaman að ranka við sér 1. janúar eftir neyslufylliri desembermánaðar. Hægt er að afskrifa Mallorca-ferð í maí með fjölskyldunni og gleyma líkamsræktarkortinu sem átti að fjárfesta í eftir jól.

ÓSMEKKLEGAR JÓLAGJAFIR Myndarammi með óheppilegri mynd af þér í, loðin bleik handjárn með áletruninni „Hot Sex“, jóla g-strengur, krem sem styrkir appelsínuhúð...



ÁRAMÓTASKAUPIÐ Af hverju hefur enginn gefist upp á skaupinu? Það biða allir fullir eftírvæntingar eftir hápunkti sjónvarpsdagskrárinnar allt árið en verða síðan fyrir sárum vonbrigðum á þessum síðasta klukkutíma ársins.



ÁRAMÓTAGLEÐI Þær eru miklar væntingarnar í kringum síðasta kvöld ársins, samt vita fæstir hvar þeir ætla að eyða nýársnóttinni og verða ekki í rónni fyrr en partið er fundið, sem endar yfirleitt á því að vera súrasta parti ársins.

MISHEPPNADAR FEGRUNARADGERÐIR Varast ber allar róttækar fegrunaradgerðir fyrir jólin. Láttu það vera að fara í fyrsta skipti í ljós á árinu 23. desember eða maka á þig brúnkukremi hafir þú aldrei notað slíkt. Það vill enginn vera sóttrunninn eða appelsínugulur á jólunum.



OF MIKIL MARINERING Hver vill vera angandi eins og björkjallari öll jólin? Það kyngir enginn jólasteikinni niður með malti og appelsíni eða lifir af eitt jóla-„ættarmótið“ án áfengis og því getur hátið ljóss og friðar oft orðið vel kennd hjá þeim sem finnast sopinn góður.



ÁSTARSORG Á ADVENTUNNI Sambandslit ættu að vera bönnuð á þessum tíma ljóss og friðar þegar allt Grafarvogsgengið tekur sig til og fyllir miðbæinn af sykursætri rómantík og arkar um stræti og torg haldandi hvort utan um annað.



RAUÐ JÓL Alla dreymir um hvít jól. Við megum þola snjöpunga vetur, snjóhríð, kulda og gadd á vetrarmánuðunum en þegar kemur að sjálfum jólunum virðast veðurguðirnir og gróðurhúsaáhrifin bindast böndum um að færa Íslendingum rauð jól.



ÚTÞENSLA JÓLANNA Jólin eru ekki vinur þeirra sem þurfa að passa línurnar enda freistingar á hverju horni. Auðvitað vilja allir geta leyft sér malt og appelsín í morgunmat, smákökur í öll mál, laufabrauð með miklu smjöri og rjómasósúr með steikunum.



ÞORLÁKSMESSUGLEÐI

Margir fagna oft síðustu jólagjafainnkaupunum á Þorláksmessu með nokkrum drykkjum á barnum sem oft getur verið afar hressandi áður en jólin hringja inn. Oft vill þó annríki og stress gleymast þegar Bakkus tekur völdin og ófár gjafirnar hafa týnst í þessari „Þorláksmessugleði“ sem getur haft dramatískar afleiðingar í för með sér þegar fólk rankar við sér á aðfangadagsmorgun.



JÓLABOÐ MEÐ FJARSKYLDUM ÆTTINGJUM Þarf einhver að segja meir?



SPILAÐI JÓLANNA Á þessum tíma ársins virðist fólk leggja sig í líma við að taka fram fjölskylduspilin sem að allir geta spilað. Pictionary- og Trivial Pursuit-parti spretta upp eins og gorkúlur og áður en þú veist er þér farið að líða eins og „Gettu betur“-settinu. Martröð hvers heilbrigðs manns.

SMS FRÁ FYRRVERANDI Á AÐFANGADAGSKVÖLD Þegar klukkan hringir jólin inn á slaginu sex fá margir sms-skilaboð frá hinum og þessum. Súrast er að fá hjartnæm skilaboð frá gömlum sjens sem er fyrir löngu útrunninn og velkjast í vafa með það öll jólin hvort þú eigir að svara.



MAGAPEST UM JÓLIN Fáar flensur geta verið jafn óheppilegar og magapestir á þessum tíma, þegar át og góður matur er í hávegum höfð.



BLÚSUÐ ÁRAMÓT Það er eitthvað blúsað við það að kveðja árið sem er að líða. Hafi árið verið erfið getur þetta verið svartasti tímunktur ársins, ástarsorg, vonlausir sjens rifjast upp og áramótunum getur hæglega verið eytt í táradal.

www.solon.is



2007 / 2008
ÁRAMÓTIN Á OLIVER

Upplýsingar í síma 692 9802 eða á loftur@cafeoliver.is

OLIVER
BAR CAFE GRILL

5 góðar...

...og gildar ástæður til að eyða jólonum ekki í faðmi jólaelskhuga

FÆRRI JÓLABOÐ Hættan á að þurfa að dansa í kringum jólatréð í partigallanum með organdi börn minnkar til muna, vandræðalegum heimsóknum til fjarskyldra ættingja fækkar um helming og þar af leiðandi verður enn meiri tími til að njóta jólahátíðanna í faðmi ekta fjölskyldu og vina.



ENGIN TOGSTREITA Þú getur gert allt sem þig lystir án þess að bera það undir nokkurn mann, nóttu þess í botn í staðinn fyrir að gráta makaleysið! Þessi tími kemur aldrei aftur.



FLEIRI KRÓNUR Í VASANN Minni útgjöld og meiri peningur fyrir þig að eyða. Keyptu eitthvað fallegt handa þér í jólagjöf fyrir peningana sem jólamaki myndi kosta þig. Þú þarft heldur ekki að svitna yfir því hvað á að gefa einhverjum sem þú hefur þekkt í nokkra mánuði. Tími, orka og peningar sparast.



AÐFANGANDAGSKVÖLD Í GLEÐINNI Ekkert kvíðakast á aðfangadagskvöld þegar jólagjafirnar eru teknar upp með fjölskyldunni og engin yfirvofandi vandræðalegheit þegar eggjandi undirföt eru tekin upp úr pakkanum.

GLEÐILEGT NÝTT ÁR Líkur á að eyða gamlárskvöldi í ástarsorg verða hverfandi. Hver vill taka á móti nýju ári grátandi yfir „nú árið er liðið í aldanna skaut“ þegar nýtt ár er fram undan?



Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus

www.klingenberg.is

Dorrit á eftir að verða Íslandsstjarna

Sigríður Klingenberg spáir fyrir Dorrit Moussaieff forsetafrú þessa vikuna. Hún er fædd 12.1.1950 og hefur lífstöluna einn. Sigríður segir að það gefi henni skipulagshæfileika og sjálfsbjargarviðleitni. „Dorrit þarf ekki á öðrum að halda en ásarnir eru ábúðarfullir og yfirleitt farnir að skipta sjálfir á sér um eins árs. Allir þeir einstaklingar sem ásarnir taka að sér og komast að hjartastað þeirra eru verndaðir út í eitt. Svo að hver sá er Dorrit hefur dálæti á er hólpinn maður. Dorrit er trygglynd og einlæg og á gott með að sjá spaugilegu hliðar lífsins. Hún hefur gleðina í fyrirrúmi og tekur lífið ekki allt of alvarlega. Hún getur verið hörð í horn að taka þegar hún þarf en það er sjaldgæft að sjá hana byrsta sig. Ég tel að hún hafi verið mesti fjörkálfurinn í fjölskyldunni sinni og hún eigi ennþá eftir að skapa sér stærra

hlutverk hér á Íslandi.“ segir hún og bætir því við að hún eigi eftir að taka þátt í stórum sem smáum verkefnum sem munu skipta þjóðina miklu máli. „Dorrit á líka eftir að verða ennþá stærra nafn úti í heimi og tala þar í nafni Íslands og hjálpa þar háum sem lágum. Hún á eftir að vinna mikið með börnum, gæti komið að störfum Unicef eða

ÁSTARÁR „Það kæmi mér ekki á óvart þótt hún myndi giftast Ólafi Ragnari aftur, svo búum okkur undir nýtt brúðkaup því ástin blómstrar.“



Sameinuðu þjóðanna. Orka þessi byrjar á Íslandi og fer út um allan heim. Dorrit verður hin eina sanna Íslandsstjarna og allir landsmenn vita að hún er drottningin. Hún er að fara yfir í lífstöluna fimm sem táknar mikið af ferðalögum og fjöri en það hefur reyndar verið þannig hjá henni allt hennar líf þannig að það verður líklega engin breyting fyrir hana. Það var mikið álag á Dorrit á þessu ári og jafnvel of mikið að gera en árin 2008 og 9 verða ástarár og það kæmi mér ekki á óvart þótt hún myndi giftast Ólafi Ragnari aftur, svo búum okkur undir nýtt brúðkaup því ástin blómstrar.“

UNA BJÖRK SIGURÐARDÓTTIR HEFUR SETIÐ VIÐ SKRIFTIR

KÓMÍSKAR SÖGUR

„Bækurnar sem ég sjálf gef út hafa verið ástríða mín og hugarfóstur í rúm tvö ár. Hugmyndina fékk ég þegar ég var nýbyrjuð í Listaháskólanum og sat á klósettinu.“ segir Una Björk Sigurðardóttir, nemi í Listaháskóla Íslands og rithöfundur, en Una gefur út all óvenjulegar jólabækur út fyrir þessi jól. „Ég fór að velta fyrir mér kómískum augnablikum sem eiga sér stað í okkar daglega lífi án þess þó að við gefum því gaum, eins og t.d. þegar við þvolum okkur um hendurnar að loknum klósettferðum.“ segir Una um tildrög hugmyndarinnar. Bækurnar eru þrjár og koma út í 150 eintökum hver. „Fyrsta bókin í seríunni heitir Ævintýri sjúklegu stepunnar og gengur út frá þeirri daglegu þörf mannsins að losa



BÆKURNAR ERU MYNDSKREYTTAR TEIKNINGUM UNU.



UNA BJÖRK SIGURÐARDÓTTIR MEÐ BÆKURNAR.

sig við þvag. Önnur bókin heitir Sjúklega stelpan drepur og segir frá atburðarás sem aðalsögupersónan lendir í eða skapar og bregst við á fullkomlega örökrænan hátt til að leysa úr aðstæðum. Þriðja bókin heitir Sápusögur en Sápusögur segja frá leit Sjúklegu Stelpunnar að sápu.“ upplýsir Una. Bækurnar eru sjálfstæðar sem og smásögurnar í þeim, en í hverri bók eru átta sögur og teikningar eftir Unu en Una er á þriðja ári í myndlistardeild

Listaháskóla Íslands. „Sögurnar eru allar mjög tragikómiskar en sjálfri finnst mér Sjúklega stelpan drepur vera fyndnust.“ segir Una að lokum. Áhugasamir og allir þeir sem vilja gefa óvenjulega jólagjöf geta keypt bækur Unu í verslunum Máls og menningar, hjá Eymundsson, lðu, 12 Tónum og á kaffihúsinum Babalú, Gráa kettinum og Hljómalind.

bergthora@frettabladid.is

SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUSS HELDUR GÖNGU SINNI ÁFRAM ÁN MEGA-BUFFSINS HANNEÐSAR HEIMIS, ÞAÐ VAR TÓNLISTARMAÐURINN JÓEL PÁLSSON SEM BATT ENDA Á SÖGULEGA SIGURGÖNGU HANNEÐSAR. HÉR MÆTIR JÓEL BARNALÆKNINUM SNORRA FREY DÓNALDSSYNI.

1. Hver var valin kona ársins 2007 af timaritinu Nýju lífi?
2. Fyrir hvað er Björk tilnefnd af breska tónlistarmiðlinum NME?
3. Hvað heitir ljóðabók Toshiki Toma, þjóðkirkjuprests innflytjenda, sem kom út nýverið?
4. Söngkonan ástsæla Sigríður Beinteinsdóttir sendi nýlega frá sér sólóplötu, hvað heitir hún?
5. Hver er þjálfari körfuknattleiksliðs KR?
6. Á dögunum sendi rithöfundurinn J.K. Rowling frá sér bók sem kom einungis út í sjö eintökum, hvað heitir bókin?
7. Hvað heitir íslenska orðaleiksspilið sem er nýkomið á markað?
8. Frumsýning jólasýningar Þjóðleikhússins verður annan í jölum, hvaða verk verður sýnt?
9. Hver er nýráðinn leikhússtjóri Útvarpsleikhússins?
10. Hvað heitir íslenska hryllingsmyndin sem frumsýnd verður 23. desember?



Jóel Pálsson

1. Freyja Haraldsdóttir.
2. Kynþokka.
3. Fimmta árstíðin.
4. Til eru fræ.
5. Benni Gumm.

6 RÉTT SVÖR

6. Viða er pottur brotinn.
7. Aparass.
8. Ívanoff.
9. Randver Þorláksson.
10. Pass.



Snorri Freyr

1. Freyja Haraldsdóttir.
2. Kynþokka.
3. Ekki hugmynd.
4. Ég ein.
5. Benedikt Guðmundsson.

3 RÉTT SVÖR

6. Pass.
7. Man það ekki.
8. Því er alveg stolið úr mér.
9. Þórhallur Sigurðsson.
10. Kjötkrókur.

Tónlistarmaðurinn Jóel Pálsson bar sigur úr býtum þessa vikuna. Jóel hlaut sex svör af tíu mögulegum á móti þremur stigum Snorra. Snorri skorar á Harald Vigni Sveinbjörnsson tónlistarmann til að mæta Jóel í næstu viku.

Rétt svör 1. Freyja Haraldsdóttir. 2. Kynþokka. 3. Fimmta árstíðin. 4. Til eru fræ. 5. Benedikt Guðmundsson. 6. Viða er pottur brotinn. 7. Aparass. 8. Ívanoff. 9. Randver Þorláksson. 10. Pass. Ekkert kvíðakast á aðfangadagskvöld þegar jólagjafirnar eru teknar upp með fjölskyldunni og engin yfirvofandi vandræðalegheit þegar eggjandi undirföt eru tekin upp úr pakkanum.



Tæknibær

JÓLATILBOÐ

Sú vinsælasta!

Acer AS5720-4662/LX.ALFOX.009
Intel Dual Core T2310 1.46 GHz
120 GB harður diskur
Vista Home Premium
1 GB vinnsluminni
DVD skrifari
15.4" skjár



83.900

Öflugur súperturn

Svartur Apex Supercase
Intel Core 2 Duo E6750 örgjörvi
Gigabyte P35-DS3 móðurborð
Geforce 8600 GTS 512 MB skjákort
2 GB DDR2 vinnsluminni
500 GB harður diskur
20x DVD skrifari
Innbyggð hljóð- & netkort



89.900

Acer 22" LCD

Acer AL2223 Wide Screen
Upplausn: 1680x1050
Birtustig: 300 cd/m2
Skerpa: 800:1
Svartími: 5ms
Innbyggðir hátalarar



29.900

Frábært lyklaborð

Chicony KBP-0420
Nett og þægilegt margmiðlunar
lyklaborð með ábrenndum
íslenskum stöfum



1.790

2.1 hátalarasett

König Speaker Set 2.1
Öflugt hátalarasett með
bassaboxi og tveim
hátölurum



4.900

Norton Antivirus 2008

(lausavara)
Ein áreiðanlegasta
vírussvörn heims!



2.900

Sjónvarpsflakkari

König CMP-MOBPLAY50
Settu 3.5" harðan disk í og
tengdu við sjónvarpið.
Fjarstýring og stuðningur
við flestar tegundir
myndbandsskráa.



13.500

Logitech G5

Ný útgáfa af hinn geysivinsælu G5
leikjamús frá Logitech



- nú með stillanlegri
þyngd og næmni!

5.900

Mini USB fartölvumús

- með inndraganlegri snúru!



990

Logitech QuickCam Deluxe

Vefmyndavél & skilaboðaskjóða
sérhönnuð fyrir fartölvur



Tilvalið fyrir MSN

5.900

Stafræn myndavél

Samsung 573, 7.2 MP
Frábær stafræn
myndavél með
2.5" LCD skjá og
7.2 MegaPixela
upplausn



13.900

Þráðlaust tálnalyklaborð

König CMP-KEYPAD30
Fullkomin lausn fyrir
fartölvunotendur!



3.100

Hreinsisprey

fyrir fartölvur,
LCD og plasma skjál
80 ml



1.450

Geisladiskataska

með mjúkum vösum
fyrir 200 geisladiska



1.290

Sennheiser HD202

Lokuð hágæða heyrnartól
með góðri einangrun
gagnvart umhverfissuði



2.990

Flottur MP3 spilari

Super Talent 2 GB MP3/FM/Recorder Player
2 GB MP3 spilari
með útvarpi og
hljóðupptöku



7.900

FM útvarpssendir

König FM sendir fyrir MP3 spillara
Hlustaðu á uppáhaldstónlistina
á MP3 spilaranum í gegnum
hátalarakerfið
í bílnum þínum



4.500

Þráðlaus VoIP sími

König CMP-VOIP50 með stórum skjá
Þráðlaus USB VoIP netsími
með stórum skjá,
tilvalinn á Skype.



5.900

500 GB flakkari

Útanálggjandi iMicro USB 2.0
hýsing ásamt
500 GB hörðum
diski



15.900

Stóra tölvuorðabókin

Þýðir á milli 9 tungumála.
Villules texta úr öllum
Windows hugbúnaði.



11.900

25x áprentanlegir CD diskar

Fujifilm 52X CD diskar
700 MB
25 stk. hólkur



1.300

25x áprentanlegir DVD diskar

Fujifilm 16X DVD diskar
4.7 GB
25 stk. hólkur



3.900

1 GB USB minnislyklar

Super Talent DG 1GB USB2.0
Mikið úrval af USB minnislyklum!



1.600

Gjafabréf

með upphæð að eigin vali!



www.tb.is

Skipholt 50c · Sími: 582 6000



FINNDU BESTU GJÖFINA



OBH NORDICA

OBHNordica 6398

Poppvél með loki sem nota má sem skál undir poppið Hægt að nota smjör með.

TILBOÐ
4.995

FULLT VERÐ 6.995



PHILIPS

Philips HP4892

Professional HÁRBLÁSARI með AC mótör. Íon tækni sem áfráfmagnar hárið og 6 hita- og hraðastillingar.

VERÐ
5.995

FRÁBÆRT VERÐ

OBH NORDICA

OBHNordica 6502

DraughtMaster BJÓRDÆLA til heimilisnota sem heldur bjórnum köldum. Dælan tekur 5 lítra kúta og endist bjórin 21 dag eftir opnun. Kútar fylgja ekki en fást í Vinbúðum. Stærð (bxh): 51,5x48sm. Tvö björglós fylgja vélinni!

Notar 5 lítra kúta frá Carlsberg og Tuborg

TILBOÐ
14.495

FULLT VERÐ 19.995

Tvö glös fylgja!

FLOTTUR
MP3
SPILARI



PHILIPS

Philips GoGear

MP3 SPILARI með útvarpi, 1GB minni, innbyggðum diktafóni, stórum skjá, tónjafnari. Spilar MP3 og WMA. Allt að 10klst. hleðsla.

VERÐ
8.995

FRÁBÆRT VERÐ



SPILAR
MP3
DISKA

JVC

JVC UX511

10w RMS Mikrósamstæða með MP3 geislaspilara, Bass Boost, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Auto Reverse segulbandi, Aux inngangi að framan, kukku, heyrnartólstengi og fjarstýringu. Spilar CD-R/RW.

VERÐ
14.995

FRÁBÆRT VERÐ



7.2 MILLJÓN PUNKTA

CASIO

SUPER
LIFE

Casio EXZ75

Stafræn MYNDAVÉL með 7.2 milljón punkta upplausn, BESTSHOT sem gerir einfalt að taka myndir við öll skilyrði og Antishake DSP hristivörn.

TILBOÐ
17.995

FULLT VERÐ 22.995

DVD DISKUR
FYLGIR



PHILIPS

Philips HR1861

700w SAFAPRESSA með 2 hröðum, 2 l matara. Tekur hart grænmeti og heila ávexti. Óþarfi að taka frá úr eða bork af. Létt að hreinsa.

**GÆÐA
TÆKI
ÚR ÁLI**

TILBOÐ
14.995

FULLT VERÐ 19.995



Philips FC6125

Præðlaus rafdrifinn KÚSTUR með stillanlegu skafti og hleðslu. Fyrir öll gólf. Auðvelt að hreinsa. Þyngd 1,8kg.

TILBOÐ
7.995

FULLT VERÐ 9.995



CASIO

ÞRIGGJA SKREFA KENNSLUKERFI

Casio CTK810

61 nótna HLJÓMBORD með ásláttarnæmni, 32 nótna pólitónu, 515 hljóðum og 120 rytmum, 3ja skrefa kennslukerfi, LCD skjá með baklýsingu, tengi fyrir USB, mikrafón og pedala. Má tengja við tölvu og ná hljóðum af netinu.

VERÐ
22.995

FRÁBÆRT VERÐ

**SJÁLFBIRK ESPRESSO MALAR BAUNIR
MEÐ CAPPUCINO SYSTEM**

DeLonghi EAM3200 MAGNIFICA

Fullkomin 1,8l Espresso kaffivél sem malar kaffibaunir og býr til kaffið. Tekur líka malað kaffi og hægt að stilla hve fin mólunin er. Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te. Með Cappuccino System sem blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappuccino.

DeLonghi

VERÐ
49.995



KENWOOD

Kenwood KM266

Öflug 900w 4,3l hrærivél með 4,3l skál úr ryðfriú stáli, breytilegum hraðastilli, blandara, safapressu, sítruspressu, hakkavél, þeytara, hnoðara og hrærara. CD diskur með 90 uppskriftum fylgir.

VERÐ
29.995

FRÁBÆRT VERÐ



Heimilistæki ht.is